



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2025

ÍSLE2BR05

Kennarar	Bryndís Garðarsdóttir (bryndis.gardarsdottir@fss.is) Hulda Egilsdóttir (hulda.egilsdottir@fss.is)	 
Viðtalstímar	Mánudaga kl. 9:20-10:00 (BG) Fimmtudaga kl. 10:30-11:10 (HE)	
Námsefni	Smásaga.is (vefur með smásögum og verkefnum, https://smasaga.is/) <i>Handbók um ritun og frágang</i> (útg. 2010 eða síðar) eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal <i>Flateyjargáta</i> eftir Viktor Arnar Ingólfsson Gögn í efnishólfi Innu	
Áfangalýsing	Áfanginn byggist upp á lestri ólíkra texta, verkefnavinnu tengda þeim lestri og leiðbeiningum um frágang texta. Áhersla er lögð á að nemendur efli málfærni sína og lesskilning með því að lesa og skrifa. Í áfanganum verða nemendur þjálfaðir í vinnubrögðum og frágangi skriflegra verkefna. Áhersla verður lögð á að nemendur lesi texta sér til ánægju og stuðli þannig að aukinni lestrarfærni og túlkun. Farið er í helstu hugtök bókmenntafræðinnar og hvernig á að beita þeim við lestur og túlkun texta.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Í áfanganum er símat og til að ná markmiðum hans þarf að skila verkefnum og lágmarkseinkunn í hverjum námsþætti að vera 4,5. Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma. Kannanir skulu teknar á tilsettum tíma. Sé um veikindi að ræða skal könnunum og verkefnaskilum lokið á stoðdögum um miðja önnina og við lok hennar.	
	Þar sem um símatsáfanga er að ræða er gríðarlega mikilvægt að mæta vel og vera virkur í kennslustundum. Miðað er við að fjarvistir á önninni fari ekki yfir 10 kennslustundir. Athugið að ekki skiptir máli hver ástæða fjarvistanna er (veikindi, leyfi eða annað).	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Smásögur kannanir	20%
	Smásögur verkefni - vinnubók	10%
	Smiðjuvinna	10%
	Orð vikunnar	10%
	Flateyjargáta leskönnun	10%
	Flateyjargáta tímaverkefni	10%
	Flateyjargáta lokaverkefni	10%
	Handbók um ritun og frágang verkefni	10%
	Handbók um ritun og frágang könnun	10%

Reglur áfanga	Hver kennslustund er vinnutími og því nauðsynlegt að viðeigandi námsgögn séu ávallt við höndina. Tímaverkefnum og vinnubókum á að vinna og skila handskrifuðum nema annað sé tekið fram. Á bókasafni skólans er hægt að fá lánaðar tölvur til að nota í kennslustundum ef skila á tölvuunnum verkefnum. Ekki er tekið við verkefnum sem unnin eru á síma (notes, skjáskot). Í kennslustundum í íslensku er símafrí nema að kennarinn ákveði og/eða leyfi annað. Símar skulu að jafnaði vera geymdir á símahóteli og settir þar í upphafi kennslustundar.
----------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - Hugtökum bókmenntafræðinnar í umfjöllun um texta - Mikilvægi lesturs og lesskilnings - Uppbyggingu og framsetningu mismunandi texta - Mismunandi tegundum bókmennta	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - Lesa sér til gagns og ánægju - Lesa bókmenntaverk frá ýmsum tímum og fjalla um inntak þeirra - Nota bókmenntafræðileg hugtök við greiningu og túlkun texta - Semja mismunandi texta þar sem gagnrýnni og skapandi hugsun er beitt
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - Lesa og túlka texta sér til gagns og ánægju - Beita skýru og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti - Beita gagnrýnni og skapandi hugsun á eigin texta og annarra	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna	16 vikur x 60 mín	16 klst.
Skáldsaga	20 klst.	15 klst.
Alls		95 klst. = 5 feín*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19. – 22. ágúst	Kynning áfanga Smásögur Bókmenntahugtök	Verkefni um smásögur og bókmenntahugtök
2. vika 25. – 29. ágúst	Smásögur Bókmenntahugtök	Leskannanir úr smásögum, verkefni og bókmenntahugtök
3. vika 1. – 5. september	Smásögur Bókmenntahugtök <i>Orð vikunnar</i>	Leskannanir úr smásögum, verkefni og bókmenntahugtök Smásögukönnun I
4. vika 8. – 12. september	Smiðja	Skil á smiðjuverkefni
5. vika 15. - 19. september	Smásögur Bókmenntahugtök <i>Orð vikunnar</i>	Leskannanir úr smásögum, verkefni og bókmenntahugtök
6. vika 22. - 26. september	Smásögur Bókmenntahugtök <i>Orð vikunnar</i>	Leskannanir úr smásögum, verkefni og bókmenntahugtök
7. vika 29. sept. - 3. október	Smásögur Bókmenntahugtök <i>Orð vikunnar</i>	Leskannanir úr smásögum, verkefni og bókmenntahugtök Smásögukönnun II
8. vika 6. - 10. október	Frágangur á vinnubók <i>Flateyjargáta</i> – lestrarkveikja <i>Orð vikunnar</i> Stoðtími	Skil á smásagnavinnubók
9. vika 13. - 17. október <i>Námsmatsdagur 16. okt.</i> <i>Vetrarleyfi 17. okt.</i>	<i>Flateyjargáta</i> – lestur og verkefnavinna	Tímaverkefni úr <i>Flateyjargátu</i>
10. vika 20. - 24. október <i>Vetrarleyfi 20. okt.</i>	<i>Flateyjargáta</i> – lestur og verkefnavinna <i>Orð vikunnar</i>	Tímaverkefni úr <i>Flateyjargátu</i>
11. vika 27- 31. október	<i>Flateyjargáta</i> – lestur og verkefnavinna <i>Orð vikunnar</i>	Tímaverkefni úr <i>Flateyjargátu</i>
12. vika 3. - 7. nóvember	<i>Flateyjargáta</i> – lestur og verkefnavinna <i>Orð vikunnar</i>	Tímaverkefni og leskönnun úr <i>Flateyjargátu</i>
13. vika 10. - 14. nóvember	Lokaverkefni um <i>Flateyjargátu</i> <i>Orð vikunnar</i>	Skil á lokaverkefni úr <i>Flateyjargátu</i>
14. vika 17. - 21. nóvember	Verkefni úr <i>Handbók um ritun og frágang</i> <i>Orð vikunnar</i> - verkefnaskil	Tímaverkefni úr <i>Handbók um ritun og frágang</i>
15. vika 24. - 28. nóvember	Verkefni úr <i>Handbók um ritun og frágang</i>	Tímaverkefni úr <i>Handbók um ritun og frágang</i>
16. vika 1. - 8. desember	<i>Handbók um ritun og frágang</i> – verkefnaskil Stoðtími	Könnun úr <i>Handbók um ritun og frágang</i>

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf
Bryndís og Hulda

Fjölbrautaskóli Suðurnesja